

Flóahreppur  
Þingborg  
801 SELFOSS

Garðabær, 12. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0039  
BK

## Efni: Vestur-Meðalholt – Tillaga á vinnslustigi vegna breytingar á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. desember 2023, þar sem Flóahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Vestur-Meðalholt. Landið er nú skilgreint sem landbúnaðarland en kemur til með að verða ný íbúðarbyggð fyrir allt að 17 lóðir. Svæðið er um 20 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti þann 1. júní 2023 umsögn um skipulagslýsingu sama efnis. Þar var bent á að vot- og deiglandi innan skipulagssvæðisins er að öllum líkindum vanmetið í vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar en af loftmyndum að dæma þá virðist megnið af svæðinu flokkast undir slíkt. Auk starungsmýra er líklegt að þarna megi finna brokflóa og grasengjar og hafa þessar vistgerðir verið metnar með mjög hátt og hátt verndargildi.

Megninu af votlendi á Suðurlandi hefur verið raskað með framræslu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998) en virkni þess er þó víða enn til staðar og forðast ber að raska slíkum svæðum meira en þegar hefur verið gert.

Þessi sömu svæði eru mikilvæg búsvæði vaðfugla en Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla. Suðurlandið er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem stöðja að vaðflugum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum. Þá ber að hafa í huga jaðaráhrif ýmissa mannvirkja sem og hás trjágróðurs á þéttleika vaðfugla sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er lægri nær þessum einkennum í umhverfinu en fjær.<sup>1</sup>

Í kafla 5.2 í greinargerðinni um mat á umhverfisáhrifum kemur eftirfarandi fram:

*Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Svæðið er hluti af mikilvægu fuglaverndunarsvæði eins og nær allt Suðurlandsundirlendið en ólíklegt er að framkvæmdirnar muni hafa mikil áhrif á búsvæði fugla þar sem uppbygging mun verða í áföngum og fuglar geta þá aðlagast.*

Hér er vissulega um að ræða tiltölulega lítið svæði nærri ýmsum mannvirkjum sem geta haft neikvæð áhrif á þéttleika fugla. Það má þó reikna með því að fjöldi varpóðala geti hlaupið á tugum og að stór hluti þeirra glattist við framkvæmdir. Þá er ekki hægt að ganga að því vísu að fuglar finni sér auðveldlega óðal annars staðar.

<sup>1</sup> Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.



Náttúrufræðistofnun vill leggja áherslu á það að síaukið búsvæðatap fugla mun með tímanum óhjákvæmilega leiða til fækkunar í stofnum þeirra og því er mikilvægt að horfa til samlegðaráhrifa ólíkra framkvæmda við skipulag.

Svæði líkt og hér um ræðir, sem einkennist af verðmætum vistgerðum og miklum þéttleika vaðfugla, er almennt ekki heppilegt fyrir uppbyggingu af þessu tagi en vegna nærliggjandi mannvirkja er þó æskilegra að frekari uppbygging eigi sér stað þarna heldur en annars staðar í sambærilegu vistlendi. Náttúrufræðistofnun vill engu að síður hvetja til þess að umfang nýrrar íbúðarbyggðar taki mið af því að hlífa blautustu blettum svæðisins.

Einnig skal bent á að afar sjaldgæf válistaplanta, mýramaðra (*Galium palustre*), hefur verið skráð nokkru norðar í sambærilegu búsvæði en tegundin vex í blautum mýrum. Æskilegt væri að kanna hvort hana sé að finna innan skipulagssvæðisins og sneiða fram hjá vaxtarstöðum hennar ef hægt er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

